



## Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 20. ágúst 2014, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:30 í Fellsborg.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Eva Dögg Bergþórsdóttir, Hafdís Ásgeirsdóttir, Guðmundur Egill Erlendsson, Björn Sigurðsson.

Fulltrúar grunnskóla: Vera Ósk Valgarðsdóttir, skólastjóri, Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri, Erna Hreinsdóttir, fulltrúi starfsmanna og Inga Rós Sævarsdóttir, fulltrúi foreldra.

Fulltrúar leikskóla: Þorgerður Anna Arnardóttir, leikskólastjóri. Sesselja Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, fulltrúi foreldra.

Aðrir: Harpa Hermannsdóttir, fræðslustjóri, Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Kosning ritara

Formaður gerði tillögu um að Guðmundur Egill Erlendsson verði ritari. Tillagan var samþykkt og tók hann til starfa.

### 2. Fræðslustjóri

Harpa Hermannsdóttir sem tekið hefur við starfi fræðslustjóra af Guðjóni Ólafssyni greindi frá því hver hún er og fyrir helstu verkefnum og hugmyndum sem hún hefur sem fræðslustjóri og áherslur sem hún hefur í starfi sínu. Hún gerði grein fyrir þeim verkefnum sem voru komin í farveg í tíð Guðjóns og gert er ráð fyrir að haldi áfram. Einnig hvernig stoðkerfi og þjónusta við fræðslumál hefur verið háttað.

### 3. Grunnskólinn

#### a. Skólastarfið framundan

Vera Ósk Valgarðsdóttir, skólastjóri og Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri kynntu sig og gerðu grein fyrir skólastarfinu næsta skólaár. Talsverðar umræður urðu um skólastarfið skipulag skólahalds almennt. Heildarnemendafjöldi skólans er 96 að hausti.

#### b. Starfsmannahald

Skólastjóri fór yfir helstu breytingar í starfsmannahaldi grunnskólans fyrir næsta skólaár og kom fram að skólinn er fullmannaður.



#### 4. Leikskólinn

##### *a. Skólafarfið*

Þorgerður Anna Arnardóttir kynnti sig og það verkefni leikskólastjóra að aðlaga leikskólafarfið að Hjallastefnunni. Hún gerð grein fyrir helstu breytingum sem þarf að gera til aðlögunar. Fram kom að af þeim tíma sem liðinn er frá því leikskólinn opnaði eftir sumarleyfi hafa talsverðar breytingar verið gerðar á fyrirkomulagi bæði húsnæði og skipulagi starfsins. Fræðslunefnd ræddi leikskólafarfið og kom fram að umræddum breytingum hefur verið tekið mjög jákvætt.

##### *b. Starfsmannahald*

Leikskólastjóri gerði grein fyrir starfsmannahald leikskólans og kom fram að leikskólinn er fullmannaður. Einnig kom fram að góðar líkur eru á að einhverjir starfsmenn fari í leikskólaliðanáám á vegum Hjallastefnunnar.

#### 5. Önnur mál

- a) Erindisbréf nefnda rædd, gögnum safnað saman af sveitarstjóra sem mun senda erindisbréfin til nefndarmanna.
- b) Rædd samningsmál vegna skólamötuneytis.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:20

Péturína L. Jakobsdóttir

Eva Dögg Bergþórsdóttir

Hafdís Ásgeirsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Björn Sigurðsson.

Vera Ósk Valgarðsdóttir

Guðjón Sigurðsson

Erna Hreinsdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir

Þorgerður Anna Arnardóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Vigdís Elva Þorgeirsdóttir

Harpa Hermannsdóttir

Magnús B. Jónsson